

Lífeyrissjóður bankamanna

Fjárfestingarstefna Aldursdeildar 2016



Fjárfestingarstefna Aldursdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna

Í samræmi við reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða.

1. Lífeyrissjóður bankamanna, Aldursdeild

Lífeyrissjóður bankamanna hét áður Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans en starfsemi hans má rekja aftur til ársins 1929. Hinn 1. janúar 1998 breyttist nafn sjóðsins og starfsemi var skipt í tvær deildir, Hlutfallsdeild og Stigadeild (nú Aldursdeild). Aðildarfyrirtæki Aldursdeildar eru Landsbankinn hf., Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Valitor hf., og Lífeyrissjóður bankamanna.

2. Tryggingafræðileg staða

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar miðað við lok árs 2014 sýndi að verðmæti eigna deildarinnar að meðtöldum iðgjöldum en frádregnum kostnaði vegna fjárfestinga reiknast 51.878,5 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 53.263,9 milljónir. Mismunur eigna og skuldbindinga reiknast því -1.385,4 milljónir, eða -2,6% af heildar skuldbindingum.

Staða deildarinnar er innan þeirra marka sem almennt eru áskilin í 39. gr laga nr. 129/1997 en þar er tilgeindur hámarksmunur milli eigna og skuldbindinga 10% á einstöku ári og 5% samfellt í fimm ár. Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna tiltaka ekki ákveðin vikmörk fyrir mun eigna og skuldbindinga en í 5. grein samþykktar er að finna almennt ákvæði um að jöfnuður skuli vera milli eigna og skuldbindinga.

3. Markmið og forsendur ávöxtunar

Ávöxtun fjármuna Aldursdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna skal vera í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfssemi lífeyrissjóða. Haga skal ávöxtun eigna Aldursdeildar með þeim hætti að samspil ávöxtunar og áhættu sé sem hagkvæmast og meginþungi fjárfestinga skal vera á skipulögðum mörkuðum. Fjárfestingarstefna Aldursdeildar tekur mið af réttindakerfi, lífeyrisbyrði og áætluðu framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga sjóðsins. Iðgjaldsgreiðslur deildarinnar eru talsvert hærri en lífeyrisgreiðslurnar og samkvæmt útreikningum byggðum á tryggingafræðilegri athugun má gera ráð fyrir að svo verði áfram næstu ár. Að lágmarki er miðað við 3,5% raunávöxtunarkröfu til eignasafns Aldursdeildar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "ab", "BS", and "FR".

Eignasamsetning 1. ágúst 2015 og vænt ávöxtun 2016-2019

Í töflu að neðan má sjá eignasamsetningu Aldursdeildar miðað við 1. ágúst 2015.


Eignasamsetning Aldursdeildar	Staða
Innlán í bönkum og sparisjóðum	19,1%
Víxlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	38,3%
Skuldabréf sveitafélaga	2,4%
Skuldabréf lánastofnana	3,2%
Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði	5,4%
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	16,0%
Erlend verðbréf	8,9%
Önnur verðbréf (s.s. Skuldabréf fyrirtækja)	6,6%

Frekari sundurliðun á eignum er að finna í fylgiskjali I. Aldursdeild Lífeyrissjóðs bankamanna hefur það markmið að ná 4,5% meðalraunávöxtun til lengri tíma með að hámarki 5% árlegu staðalfráviki og sýna útreikningar á væntri ávöxtun eignasafnsins að gera má ráð fyrir 4,8-5,1% árlegri raunávöxtun á næstu fjórum árum. Að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar er gert ráð fyrir að meðalávöxtun umfram lágmarksávöxtunarkröfu verði 1,1-1,4% á ári.

Vænt ávöxtun	2016	2017	2018	2019
Raunávöxtunarkrafa	3,5%	3,5%	3,5%	3,5%
Rekstrarkostnaður	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
Raunávöxtun	5,1%	4,9%	4,8%	4,8%
Umframávöxtun	1,4%	1,2%	1,1%	1,1%

Fjárfestingarþörf deildarinnar á næsta ári er um 2,4 ma.kr. eða um 8,5% af núverandi eignum. Nettó innstreymi er til deildarinnar þar sem iðgjöld greiðandi sjóðfélaga eru enn umtalsvert umfram lífeyrisgreiðslur og auk þess koma til afborganir af skuldabréfum í eigu deildarinnar. Sú ávöxtun sem verður í boði fyrir nýjar fjárfestingar ræður því töluverðu um hver raunávöxtunin verður. Í töflu um vænta ávöxtun að ofan er gert ráð fyrir að endurfjárfest sé á meðalkröfunni 3,0% en hér á eftir má sjá næmnigreiningu miðað við ólíkar forsendur um ávöxtun nýrra fjárfestinga næstu fjögur ár.

Næmnigreining	Vænt umframávöxtun			
V/nýrra fjárfestinga	2016	2017	2018	2019
2,0% ávöxtunarkrafa	1,4%	1,0%	0,9%	0,8%
2,5% ávöxtunarkrafa	1,4%	1,1%	1,0%	0,9%
3,0% ávöxtunarkrafa	1,4%	1,2%	1,1%	1,1%
3,5% ávöxtunarkrafa	1,4%	1,3%	1,2%	1,2%
4,0% ávöxtunarkrafa	1,4%	1,3%	1,3%	1,3%



4. Fjárfestingarstefna 2016

Það er mat stjórnar að eftirfarandi samsetningu sé þannig háttáð að deildin muni geta staðið við skuldbindingar sínar til framtíðar. Í töflunni eru tilgreindar takmarkanir sem gilda um tegundir verðbréfa fyrir árið 2016.

	Eignaflokkur	Markmið	Lágmark	Hámark
1.	Innlán í bönkum og sparisjóðum	15%	0%	35%
2.	Víxlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	35%	25%	100%
3.	Skuldabréf sveitafélaga	4%	0%	7,5%
4.	Skuldabréf lánastofnana	5%	0%	7,5%
5.	Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði	5%	0%	25%
6.-7.	Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	21%	0%	30%
6.-7.	Erlend verðbréf	9%	0%	15%
8.	Önnur verðbréf (s.s. Skuldabréf fyrirtækja)	6%	0%	10%

Skýringar:

- 1) Innlán í bönkum og sparisjóðum
- 2) Víxlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs
- 3) Skuldabréf sveitafélaga
- 4) Skuldabréf lánastofnana
- 5) Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði
- 6) Hlutabréf fyrirtækja, þ.m.t. samlagshlutafélög.
- 7) Hlutdeildarskírteini eða hlutir í verðbréfa- og fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðum
- 8) Önnur verðbréf (skuldabréf fyrirtækja)

Aldursdeild á ekki hlut í fyrirtækjum sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir sjóðinn.

Eignasamsetning skal vera í samræmi við VII. kafla laga nr. 129/1997

Takmarkanir

- Hlutdeild óskráðra verðbréfa skal ekki fara yfir 20%, að undanskildum skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign.
- Samanlögð eign deildarinnar í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Engar slíkar takmarkanir skulu vera á verðbréfum með ríkisábyrgð. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. tölulið 8.
- Innlán í sama banka eða sparisjóði, skal ekki vera meiri en 25% af hreinni eign sjóðsins. Þá skal samanlögð krafa á sama banka að meðtöldum innlánnum takmarkast við 25% af hreinni eign sjóðsins.
- Eign Aldursdeildar í einstökum verðbréfasjóði eða fjárfestingasjóði, má ekki nema meira en 25% af útgefnum hlutdeildarskírteinum hlutaðeigandi sjóðs.

- Eign deildarinnar í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags, má ekki vera meiri en 25% af hreinni eign lífeyrissjóðsins.
- Óheimilt er að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki eða í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
- Takmarka skal áhættu í erlendum gjaldmiðlum við 15% af hreinni eign deildarinnar.
- Gert er ráð fyrir að afleiður kunni að vera notaðar en eingöngu til að draga úr áhættu eignasafnsins.
- Óheimilt er að eiga í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.
- Atvinnugreinaskipting:
 - Innlend hlutabréfaeign skal taka mið af atvinnugreinaskiptingu á Nasdaq OMX Iceland markaðnum.
 - Erlend hlutabréfaeign skal taka mið af GICS atvinnugreinaflokkun Morgan Stanley og Standard & Poor's.
 - Fyrirtækjaskuldabréfum skal vera vel dreift milli helstu atvinnugreina. Engin ein atvinnugrein skal hafa meira en 50% vægi til lengri tíma.

Fasteignatryggð skuldabréf

Hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa í ágúst 2015 er 5,4% af hreinni eign. Eingöngu er um að ræða lán til sjóðfélaga. Lán er einungis veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði að hámarki 25 m.kr. og takmarkast við 65% veðhlutfall. Upplýsingar um útlánareglur eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Markmið um meðallíftíma

Markmið um meðallíftíma skuldabréfa er 10 til 16 ár. Vegið meðaltal var 11,5 ár 1. ágúst 2015.

Samningur um virka eignastýringu hjá þriðja aðila

Um 4% eigna deildarinnar eru nú í virkri eignastýringu hjá þriðja aðila. Auk þess eru rúmlega 80% af hlutabréfaeign deildarinnar í sjóðum sem beita virkri stýringu.

5. Endurskoðun fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstefna þessi skal tekin til endurskoðunar eftir því sem ástæða er til að teknu tilliti til framangreindra markmiða um ávöxtun og áhættu og markaðsaðstæðna hverju sinni. Ársfjórðungsleg skoðun eignasafnsins samkvæmt áhættustefnu er liður í því að kanna hvort ástæða er til að endurmeta gildandi fjárfestingarstefnu á hverjum tíma. Breytingar á fjárfestingarstefnu skulu gerðar skriflega.

Reykjavík, 22. október 2015

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna

Guðni Guðmann

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna

Friðrik Þraut

Bergþóra Sigurðard.

Þorgerður Gunnarsdóttir

Þorvaldur Þorgeirsson

Helgi Þorsteinsson

Gíste H. Þorgeirsdóttir.

Fylgiskjal I

Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997

Markmið um samsetningu eigna

Aldursdeild

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	I Markmið um eigna-samsetningu	II Vikmörk	Staða í ágúst 2015	Hámark skv. samþykktum	III Gengisbundin verðbréf	IV Vikmörk	V Óskráð verðbréf	VI Vikmörk
Innlán í hönkum og sparisjóðum og aðrar peningamarkaðseignir	15%	0-35%	19,1%	Ekkert hámark	0%	0%	0%	0-35%
Ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	35%	25-100%	38,3%	Ekkert hámark	0%	0-50%	0%	0%
Skuldabréf bæjar- og sveitafélaga	4%	0-7,5%	2,4%	50%	0%	0-7,5%	0%	0-7,5%
Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	5%	0-7,5%	3,2%	50%	0%	0-7,5%	0%	0-7,5%
Fasteignatryggð skuldabréf	5%	0-25%	5,4%	Ekkert hámark	0%	0%	10%	0-25%
Hlutabréf	25%	0-40%	22,6%	60%	6%	0-15%	0%	0-25%
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sam. fjárfestingu	5%	0-10%	2,3%	50%	3%	0-10%	0%	0-10%
Íbúðarhúsnæði	0%	0-10%	0%	Ekkert hámark	0%	0%	0%	0-10%
Önnur verðbréf*	6%	0-10%	6,6%	50%	0%	0-10%	0%	0-10%
Samtals	100%		100%		9%		10%	

Hámark samkvæmt samþykktum

50%

20%

*Önnur verðbréf eru skuldabréf fyrirtækja ofl.